

**29. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
2. desember 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Valgarður L. Jónsson varaáheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1509212 - Forsendur fjárhagsáætlunar Velferðar- og mannréttindasviðs 2016**

Umræður um forsendur fjárhagsáætlunar:

Sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindasviðs óskar eftir að gert verði ráð fyrir kaupum á íbúð vegna sérúrræðis í búsetumálum fatlaðs fólks í fjárfestingaráætlun ársins 2016.

Lagður fram samanburður á fjárhæð fjárhagsaðstoðar nokkurra sveitarfélaga.

*Velferðar- og mannréttindaráð beinir því til bæjarráðs að gert verði ráð fyrir fjárfestingu í íbúð að fjárhæð kr. 23.000.000.*

*Ráðið leggur einnig til að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækki um sömu hlutfallstölu og miðað er við að gjaldskrá Akraneskaupstaðar hækki um.*

**2. 1510028 - Þjónustusvæði í málefnum fatlaðra**

Lögð fram drög að umsókn um undanþágu frá mannfjöldaviðmiðum varðandi þjónustusvæði í málaflokki fatlaðra sbr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, ásamt bréfum til samstarfsaðila.

*Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra, í samráði við bæjarstjóra að ræða við Hvalfjardarsveit um erindið. Ráðið vísar málínu til bæjarstjórnar til samþykktar.*

**3. 1206122 - Herdísarholt - samningur um búsetuþjónustu**

Ársskýrsla Herdísarhús ehf., rekstraraðila Herdísarholts, lögð fram til kynningar. Samningur við Herdístarhús gildir til áramóta, en gert er ráð fyrir að hann framlengist sjálfkrafa um 1 ár þar sem uppsagnarákvæði hefur ekki verið beitt.

**4. 1506179 - Átak í forvörnum gegn kynferðisofbeldi**

Á 16. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs sem haldinn var þann 1. júlí sl. samþykkti ráðið að leita eftir samstarfi við aðra aðila á svæðinu sem málíð er skilt, s.s. Lögreglu, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Fjölbautarskóla Vesturlands um stofnun samráðshóps um forvarnir gegn kynferðisofbeldi. Fram hafa komið ábendingar um að verkefnið falli vel að hlutverki "Brúarinnar", sem er formlegur samráðs- og og samstarfsvettvangur starfsmanna og stofnana sem koma að málum sem tengjast unglungum í sveitarfélagini. Sviðsstjóri leggur til að

*VG-*  
*JF*

"Brúnni" verði falið að sinna forvörnum gegn kynferðisofbeldi.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir tillöguna og felur sviðsstjóra að koma verkefninu á framfæri við forsvarsmenn Brúarinnar. Ráðið bendir á að uppfæra þarf starfsreglur samráðsvettvangsins.

**5. 1512003 - Fundir 2015 - Þjónusturáð Vesturlands í málefnum fatlaðra**

Fundargerðir 46. og 47. fundar þjónustutáðs Þjónustusvæðis Vesturlands í málefnum fatlaðs fólks lagðar fram til kynningar.

**6. 1504123 -Fundargerðir 2015-Starfshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**

Fundargerðir 10.-15. fundar starfshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

*Vilborg P. Guðhjártsdóttir  
Valgerður S. S.  
Einar Brøðrun  
Fugil, Þórunnadóttir  
Sveinbjörn Kristjánssel  
Jón Guðni*